Fundur 28.9.2026 Daníel af gyðingaættum, var bjargað af Fisher á sínum tíma.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur.

Já góða kvöldið.

Finn ég miklu meiri orku en þegar ég talaði til ykkar fyrst og er ég hér orku mikill orðinn og hefur það tekið langan tíma og mörg ár fyrir mig að reyna að verða aftur hluti af þjóð minni og menningu og hefur það ekki enn tekist nema að litlu leiti.

Er saga mín svo sérstök og einstök miðað við svo fjölmargra sem lifa lífinu frá hnetti til hnattar og þroskast og dafna eða fara á helstefnu brautina.

En lenti ég í atvikum sem eru annars konar og annars eðlis og hefur það verið þrá mín að verða gjaldgengur meðal minnar þjóðar.

Og konan mín og börn, sem ég hef að vísu fundið aftur, en eru á öðrum hnetti og hafa einnig þurft að kljást við þessa sömu sérkennilegu lífsreynslu og ég, hafa svipaða sögu að segja og vilja komast inn í þjóðarheildina.

En að vísu er það þannig með okkar þjóð að hún hefur verið á flótta í gegnum aldirnar, en samt verð ég að segja það að þegar minningarnar komu aftur til mín og persónuleiki minn fór að mótast að nýju og ég fór að rifja upp æfi mína áður en ég lagðist í þennan dvala, þá kom mín gamla trúarvissa aftur til mín og olli það árekstrum hér í framlífi, því það var Jahve sem ég trúði á sem hafði gert okkur þetta.

Og varð ég að leita enn aftar í forðtíðina með öðrum af mínu þjóðerni og rifja upp hvernig líf forfeðra okkar og formæðra hafði verið áður en hann kom í eyðimörkina og fór að drottna yfir okkur og hefur það verið gæfuríkt ferðalag og fróðlegt að rifja upp þá fornu menningu og endurmóta líkama okkar og sár minningar og hefur kona mín og börn einnig tekið þátt í þessu ferðalagi til fortíðar og endurmótun persónuleikans, þótt þau séu stödd á öðrum hnetti.

Er þetta mér afskaplega erfitt vegna þess að það er ekki náttúrulegur gangur líkamans að vera óvirkur um svo óralangt skeið og verða svo vakinn til lífsins og eiga að lifa lífinu aftur og undrar það mig ekki að mörg okkar sem vakin voru úr dáinu skuli hafa þurft ýmiskonar aðstoð að halda, verða ekki reiði og slíku að bráð.

En löng er gangan framundan og við tökum stöðugt framförum að ýmsu leiti og er okkur sagt að framtíðin bíði okkar og að við verðum að ná sömu færni og aðrir að takast á við lífið og tilveruna.

Var ég uppi á tímum Rómverja, felldur af þeim herjum, gyðinga ættar, talaði ég til ykkar áður og bjargað af Jahve hnetti af Fisher já rétt er það og talaði ég til ykkar og hef átt erfitt með að fóta mig í nýju lífi, kynnast nýju fólki og byggja upp persónuleikann, en það er nú að takast smá saman aftur.

Og er þetta að ýmsu leiti stórkostleg lífsreynsla að geta sagt frá innviðum þessa mikla Jahve ríkis og hjálpa til við baráttuna gegn því, en það er flókið og margháttað og passað að við tökum ekki ofmikla ábyrgð, heldur byggjum okkur upp sjálf að nýju, leggjum áherslu á það.

Daníel, nafn mitt, á ég ýmsar minningar frá eyðimörkinni og verð ég nú að kveðja ykkur að sinni, vona að ég komist síðar.

Verið þið sæl.

Vertu sæll og þakka þér fyrir.